



**UMHVERFIS
STOFNUN**
ENVIRONMENT
AGENCY

SKÝRSLA
SJÁLFBOÐALIÐASTARFS
UMHVERFISSTOFNUNAR
2021




Sjálfbóðaliðar Umhverfisstofnunar unnu á 26 náttúruverndarsvæðum á Íslandi, innan marka Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls (Lóndrangar, Öndverðarnes og Malarrið), við Mývatn, á friðlöndum Hornstranda, Vatnsfjarðar, Látrabjargs, Fjallabaks, Gullfoss, Hólmaness, Dýrhólaeyjar, Herdísarvíkur, á landslagverndarsvæðum Þjórsárdals og Kerlingarfjalla, á búsvæði Andakíls, við náttúruvættin Dimmuborgir, Grábrók, Hraunfossa, Geysir, Skógafoss, Eldborg undir Geitarhlíð, Búrfellsgjá, í Reykjanesfólkvangi, fólkvanginum Spákonufellshöfða og einnig á mjög fjölsóttum svæðum á náttúruminjaskrá eins og Eldhraun í Skaftárhreppi og Eldfell á Heimaey.

Verkefni sjálfbóðaliða í náttúruvernd og vistheimt eru mörg, má þar nefna:


- Afmörkun, viðhald og lagning náttúrulegra gönguleiða í óbyggðum (stikun, tröppur og ræsi gerð með grjóti).
- Endurheimt landslags og víðerna (loka villustígum, raka yfir hjólför vegna aksturs utan vega).
- Landmótun (laga göngustíga svo þeir falli betur inn í landslagið, mosaflutningur).
- Líffræðileg fjölbreytni: uppræting ágengra plöntutegunda.
- Endurhleðsla gamla varða (með umsjón sérfræðings frá Minjastofnun).
- Hreinsun náttúrulegra og ósnortinna svæða (Hornstrandir, Rauðisandur, Reykjanes).
- Aðstoða við starfsemi í þjóðgördum (sem fæst lærdómur af) t.a.m. úttekt á ástandi náttúrulegra gönguleiða. Vöktun gesta á náttúruverndarsvæðum. Vöktun lífríkis – aðstoða landverði.
- Ýmis konar fræðslu og náttúrutúlkun um náttúruna og umhverfi.
- Kynning og þjálfun (sjálfbóðaliðar með mikla reynslu fræða nýja sjálfbóðaliða og koma þekkingunni þannig áfram, t.d. hvað varðar liðstjórn).

Þessi skýrsla inniheldur yfirlit fyrir sumarið 2021, sem lýsir verkefnum sjálfbóðaliða, ástand/vandamál, verkefni og ljósmyndir.



Framkvæmdir og aðgerðir gerðar með sjálfbóðaliðavinnu 2021		
SVÆÐI	v.v	v.d.
Undirbúning/Stjórnun	11,2	56
Þjálfun liðsstjóra	0	0
SNÆFELLSJÖKULL ÞJÓÐG.	28,6	143
ELDBORG UNDIR GEITAHLIÐ	14,8	74
BÚRFELL, BÚRFELLSGJÁ	5,4	27
MÝVATN	10,8	54
SPÁKONUFELLSHÖFÐI	2,4	12
VATNSFJÖRÐUR	5,4	27
LÁTRABJARG	3,4	17
RAUÐISANDUR	2	10
HORNSTRANDIR	4,4	22
HRAUNFOSSAR	3,4	17
GRÁBROK	2	10
ANDAKILL	4,8	24
ÞJÓRSÁDALUR	10,4	52
KERLINGARFJÖLL	9,8	49
GULLFOSS	9,8	49
GEYSIR	5,4	27
DYRHÓLAEY	6,6	33
FJALLABAK	10,8	54
SKÓGAFOSS	5,2	26
HÓLMANES	4,4	22
VESTMANNAEYJAR	11,8	59
HERDÍSARVÍK	2	10
REYKJANESFÓLKVANGUR	1	5
FOSSVOGSBAKKAR	2,8	14
Vinnud./Mannvikur	178,6	893,0
Svæði í umsjón UST	147,4	737
Önnur Svæði	20	100
Undirbúningur/Þjálfun	11,2	56

FRAMKVÆMDIR OG AÐGERÐIR GERÐAR MEÐ SJÁLFBÓÐALIÐAVINNU 2021





Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull

Sjálfbóðaliða hópar: 5 (1 fjögurra manna hópur)

Vinnudagar: 143

Liðsstjóri(ar): Kerry Ireland, Daniel Averill, Christopher Long, Danny Lake, Brecht Soenen & Roger Whysall
Sérfræðingur (þjóðgarðsvörður eða Landvörður): Jón Björnsson / Linda Björk Hallgrímsdóttir

06.06 – 12.06

13.06 – 19.06

11.07 – 17.07

Ástand/vandamál

Malarrif - Lóndrangar: Unnið var í göngustíg, sem liggur frá Malarrifi að Lóndröngum. Lokað var fyrir villustíg ásamt því að nokkur þrep voru lagfærð.

Öndverðarnes: Á Öndverðarnes, er göngustígur með pall sem þurfa að verða tengdir. Vandamálið er að stígur getur verið blautur og fólkið fer út af stígnum.

Saxhóll: Sett var grjóthleðsla/grjótþallur í kringum útsýnisskífu á toppi Saxhóls.

Verkefni

- Þrep voru lagfærð á göngustíg við Malarrif.
- Timburströppur og allar voru byggð frá Öndverðarnesvita að ströndinni í Öndverðarnesi.
- Grjót sett í í kringum útsýnisskífu á Saxhóli



Andakíll, búsvæði

Sjálfbóðaliða hópar: 1

Vinnudagar: 24

Liðsstjóri(ar): Brecht Soenen & Roger Whysall

Sérfræðingur (eða Landvörður): Þórhildur María Kristinsdóttir / Linda Björk Hallgrímsdóttir

20.06 – 26.06



Ástand/vandamál

Mikið af lúpínu á báðum stöðum sem þarf að slá.

Verkefni

- Slegin var lúpína og kerfill í Andakíll, vinna í samvinnu við íbúa og garðyrkjuna á Hvanneyri.



Hraunfossar, náttúruvætti / Grábrók, náttúruvætti



Sjálfbóðaliða hópar: 1

Vinnudagar: 27

Liðsstjóri(ar): Gabriele Albani

Sérfræðingur (eða Landvörður): Þórhildur María Kristinsdóttir

11.07 – 17.07

Ástand/vandamál

Hraunfossar/Barnafoss: Endurnýjun á ræsum undir göngustíg til að reyna að sporna við hálfu myndun. Bílastæði þarfnast snyrtingar

Grábrók: Loka þarf sárum meðfram stíg og villustíg með mosaf lutning.

Verkefni

- Gert var ræsi í stíg við Hraunfossa
- Snyrt bílastæði við Hraunfossa
- Mosaf lutningur við stíg í Grábrók



Spákonufellshöfði, náttúruvætti

Sjálfbóðaliða hópar: 1
Vinnudagar: 12
Liðsstjóri(ar): Daniel Averill
Sérfræðingur (eða Landvörður): Kristín Ósk Jónasdóttir

13.06 – 16.06



Ástand/vandamál

Lúpína er að dreifa sér á svæðinu.

Verkefni

- Lúpína tekin með rótum.





Vatnsfjörður, friðland

Sjálfbóðaliðahópar: 1
Vinnudagar: 27
Liðsstjóri(ar): Danny Lake
Sérfræðingur (eða Landvörður): Edda Kristín Eiríksdóttir


13.06 – 19.06




Ástand/vandamál


Stígur við Þingmannaá: Þarf að búa til nokkrar steintröppur, dreng og hugsanlega bera í stíg á köflum - áframhald fyrra verkefnis til að halda gestum á stígnum og vernda gróðurinn.

Verkefni

- Byggð var timburbrú í Þingmannadalnum
- Byggðar voru steintröppur og holræsi í stígnum // frágangur kanta í Þingmannadalnum



		<h2 style="text-align: center;">Látrabjarg, friðland</h2> <p style="text-align: center;"> Sjálfbóðaliða hópar: 1 Vinnudagar: 27 Liðsstjóri(ar): Kerry Ireland Sérfræðingur (eða Landvörður): Edda Kristín Eiríksdóttir </p> <p style="text-align: center;">20.06 – 26.06</p>			
<h3 style="text-align: center;">Ástand/vandamál</h3>		<p>Látrabjarg: Samhliða göngurásir hafa myndast á bjargbrún. Þarf að laga þetta sem fyrst og minnka umfang stígs.</p> <p>Rauðasandur: Lúpína sem áður var haldið í skefjum af sauðfé er farin að dreifa sér hættulega út frá girtri frístundalóð. Slá lúpínu og reyta yst í flákum</p>			
<h3 style="text-align: center;">Verkefni</h3>		<ul style="list-style-type: none"> • Lúpína var reytt á Rauðasandi en vegna veðurs urðu framkvæmdir við lúpínuslátt minni en áætlað var • Viðhald var á gönguleið á Látrabjargi og þrep voru lagfærð • Villustígum var lokað 			
					

	<h2 style="text-align: center;">Hornstrandir, friðland</h2> <p style="text-align: center;"> Sjálfbóðaliða hópar: 1 (1 fjögurra manna hópur) Vinnudagar: 22 Liðsstjóri(ar): Kerry Ireland Sérfræðingur (eða Landvörður): Kristín Ósk Jónasdóttir 15.08 – 21.08 </p>
---	---

<p>Ástand/vandamál</p>	<p>Lagning nýrra stiga vegna sjávarrofs, og bratta. Eins voru gerð nokkur dren hér og þar.</p>
<p>Verkefni</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Lagfæringar voru gerðar á göngustíg (steinatröppur og ræsi) í Kýrskarði (Hornvík) • Dren voru gerð í stíga víðsvegar í Hornvík • Stígur var færður og afmarkað við ströndina í Hornvík, rétt innan við Horná, vegna rofs



Mývatn og Laxá, friðland og Dimmuborgir, náttúruvætti



Sjálfboðaliða hópar: 2

Vinnudagar: 54

Liðsstjóri(ar): Kerry Ireland & Andoni Alfaro Leránoz

Sérfræðingur (eða Landvörður): Arna Hjörleifsdóttir

27.06 – 03.07

18.07 – 24.07

Ástand/vandamál

Göngustígar í Dimmuborgum: Viðhald á Krókastíg í Dimmuborgum. Óuppbyggður stígur í hrauni sem þarf reglulegt viðhald við að hlaða þrep, loka götum og gera öruggari.

Lúpína og Skógarkerfill á verndarsvæði Mývatns og Laxár.

Verkefni

- Lúpínusláttur var við Sandvatn
- Viðhaldið var á göngustígum og gerð voru steinþrep í Dimmuborgum



Hólmanes, friðland

Sjálfboðaliða hópar: 1
Vinnudagar: 27
Liðsstjóri(ar): Kerry Ireland
Sérfræðingur (eða Landvörður): Lára Björnsdóttir

04.07 – 10.07




Ástand/vandamál

Svæðið í Hólmanesi þarfnast viðhalds á göngustígum. Mikil lúpína vex í friðlandinu og þarf að halda henni í skefjum, Fjarðabyggð kemur einnig að þeirri vinnu og þarf að halda vel áfram með það verkefni næstu árin.

Verkefni

- Göngustígur var afmarkaður með grjóti
- Ræsi í göngustígum sem stóðu upp úr honum voru löguð
- Staur fyrir vegvísa var settur niður við upphaf gönguleiðar
- Villustígum var lokað og landmótun gerð á svæðinu
- Lúpína tekin með rótum niðri í friðlandinu



Dyrhólaey, Friðland

Sjálfbóðaliða hópar: 1

Vinnudagar: 27

Liðsstjóri(ar): Daniel Averill

Sérfræðingur (eða Landvörður): Magnús Freyr Sigurkarlsson

18.07 – 24.07

Ástand/vandamál

Áframhaldandi tröppugerð og lagfæring á stíg: Svæði ofan steinþrepa á langa göngustígnum er ansi gróft og laus. Hér þarf að grjóthreinsa og gera þrep.

Ræsa út göngustíg austan við vitan, ofan steinþrepa: Blautt svæði ofan við tröppurnar á langa göngustígnum. Oft myndast mjög stórir pollar. Vegna lögun landsins á svæðinu gæti reynst erfitt að dreina vatnið í burt. Í stað dreina gæti þurft að finna aðrar lausnir, t.d. raða stórum steinum.

Verkefni

- Unnið var í steinþrepum og ræsi á göngustígnum sem liggur á milli Háeyjar og Lágeyjar.



Skógafoss, náttúruvætti

Sjálfbóðaliða hópar: 1 (1 sjö manna hópur)

Vinnudagar: 37

Liðsstjóri(ar): Brecht Soenen

Sérfræðingur (eða Landvörður): Magnús Freyr Sigurkarlsson

04.07 – 10.07



Ástand/vandamál

Skógaheiði: Ástandið á Skógaheiði hefur batnað talsvert vegna fyrri vinnu sjálfbóðaliða og gerð nýs göngustígs meðfram Skógargilinu. Þörf er að halda áfram vinnu við stíginn meðfram gilinu með gerð drena, lokun villistíga og lagfæringu á stígnum sjálfum.

Verkefni

- Villustígum var lokað og gerð var landmótun á svæðinu
- Á Skógaheiði voru gerð mörg dren ýmist steinlagðar rennur eða jarðvegi skipt út fyrir grjót og möl sem greiðir leið fyrir vatn.
- Á nokkrum stöðum var stígur lagfærður til að falla betur inn í landslagið og lokað fyrir slóða og aðra villustíga meðfram leiðinni.



Eldfell og Eldhraun í Heimaey

Sjálfbóðaliða hópar: 2

Vinnudagar: 59

Liðsstjóri(ar): Roger Whysall, Brecht Soenen & Daniel Averill
Sérfræðingur (eða Landvörður): Magnús Freyr Sigurkarlsson

27.06 – 03.07



Ástand/vandamál

Verndaraðgerðir við sjálfsprottna áningarstaði í Eldhrauni. Gróðurskemmdir, villustígar. Aðstoð við að leggja göngustíg í Eldfelli. Stígar á svæðinu eru óljósir og fólk gengur út um allt. Færsla á núverandi stíg, sikk sakk upp brekku.

Verkefni

- Viðhald á göngustíg og gert var nýja leið á Eldfell
- Landmótun í eldfjallajarðvegi til að loka villustígum og gömlu leiðinni
- Slegið var lúpína á mörgum stöðum



Geysir, náttúruvætti

Sjálfbóðaliða hópar: 1
Vinnudagar: 27
Liðsstjóri(ar): Danny Lake
Sérfræðingur (eða Landvörður): Valdimar Kristjánsson

20.06 – 26.06



Ástand/vandamál

Lagfæring á stígum á Laugarfelli. Hlaða kanta meðfram stíg. Útbúa ræsi á göngustíg. Varna því að mól skríði niður. Halda við drenum sem gerð voru í fyrra og bæta við ef með þarf.

Verkefni

- Hlaðnir voru kantar með grjóti meðfram stíg upp að nýja stígnum að útsýnisstað
- Ræsi voru gerð á göngustíg á nokkrum stöðum



Gullfoss, friðland

Sjálfbóðaliða hópar: 1
Vinnudagar: 54
Liðsstjóri(ar): Kerry Ireland & Gabriele Albani
Sérfræðingur (eða Landvörður): Valdimar Kristjánsson

18.07 – 24.07
25.07 – 31.07



Ástand/vandamál

Lagfæra gönguleið í friðlandinu. Græða upp sár eftir gamlar reiðleiðir. Lagfæra þarf gönguleið frá Gullfossi að Brattholti. Loka stóru sári á jarðveg, gamalli reiðgötu, afmá villuslóða.

Verkefni

- Landmótun og lokun af villustígum með grjóti og gróðri



Þjórsárdalur, landslagsverndarsvæði

Sjálfbóðaliða hópar: 2 (1 þriðja manna hópur)

Vinnudagar: 44

Liðsstjóri(ar): Kerry Ireland & Andoni Alfaro Leránoz

Sérfræðingur (eða Landvörður): Hákon Ásgeirsson

01.08 – 07.08



Ástand/vandamál

Endurnýjun á stikum á gönguleiðunum Háifoss – Stöng og Gjáin – Stöng. Settar voru niður stikur á þessum tveimur gönguleiðum sem eru um 8 km og 2 km langar..

Verkefni

- Stikun gönguleiðanna milli Háafoss og Stöng annars vegar og milli Gjáin og Stöng hins vegar.





Fjallabak, Friðland

Sjálfbóðaliða hópar: 2
Vinnudagar: 54
Liðsstjóri(ar): Kerry Ireland & Sophie Aziz
Sérfræðingur (eða Landvörður): Hákon Ásgeirsson

25.07 – 31.07

Ástand/vandamál

Stikun göguleiðarinnar að Grænahrygg, viðhald á göngustígum og afmá hjólför eftir utan vega akstur.

Verkefni

- Gönguleiðin um Bláhnúk var lagfærð að hluta þar sem komið er niður í GrænaGil. Leiðin þar er mjög brött á kafla og var hún sett í sikk sakk niður á áreyrnar.
- Stikuð var leið upp að Grænahrygg sem er skyndilega mjög fjölfarin leið. Um 8 km leið.
- Afmá bílaför eftir utan vega akstur víðsvegar í friðlandinu.
- Afmá villustíga og hjólför á Stút.



Kerlingarfjöll, landslagsverndarsvæði

Sjálfboðaliða hópar: 2 (1 fjögurra manna hópur)

Vinnudagar: 49

Liðsstjóri(ar): Daniel Averill & Andoni Alfaro Lerános
Sérfræðingur (eða Landvörður): Daníel Freyr Jónsson

26.07 – 01.08



Ástand/vandamál

Þrep í brekkum eru skökk og þarfnast viðhalds. Einnig er mikill skortur á stýringu og merkingum. Einnig þarf að afmá för eftir akstur utan vega.

Verkefni

- Lagfærðar voru timburtröppur í Kerlingarfjöllum sem þörfuðust viðhalds – kassar úr timbri voru byggð
- Afmá bílaför við Setursleið undir Losmundi



Búrfell, Búrfellsgjá, náttúruvætti

Hópur: 1

Vinnudagar: 27

Liðsstjóri: Gabriele Albani

Sérfræðingur (eða Landvörður): René Biasone, Ásta Davíðsdóttir, Julie Kermarec

18.07 – 24.07



Ástand/vandamál

Vatnspollar höfðu myndast á stígnum. Villustígar myndist sem þarf að loka.

Verkefni

- Gert var ræsi í stíg á nokkrum stöðum og sem þola gangandi og hjólandi gesti
- Villustígum var lokað með skilti, staurum og kaðli. Gerð var landmótun á þessa með grjóti og gróðri til að afmá villustíga



Eldborg undir Geitahlíð, náttúruvætti

Hópur: 2

Vinnudagar: 62

Liðsstjóri: Daniel Averill & Danny Lake

Sérfræðingur (eða Landvörður): René Biasone, Julie Kermarec, Ásta Davíðsdóttir

17.06 – 26.06

27.06 – 03.07



Ástand/vandamál

Vatnspollar höfðu myndast á stígnum. Jarðminjar eru að skemmast uppi á gígnum vegna umferðar gangandi gesta. Villustígar á við og dreif um svæði. Bílaför myndast við litlu Eldborg vegna utan vega aksturs.

Verkefni

- Mól sett í blautustu kaflanna
- Villustígum var lokað í hlíðum gígsins og toppi hans með landmótun
- Staurar með kaðli voru sett á brattasta kafla Stóru Eldborgar til stuðnings fyrir göngufólk
- Settar voru stikur til að afmarka betur stíginn
- Bílastæðið við litlu Eldborg var afmarkað með grjóti og sett var skilti til að stoppa utan vega akstur



Herdísarvík, Friðland

Hópur: 1

Vinnudagar: 2

Liðsstjóri: Danny Lake

Sérfræðingur (eða Landvörður): René Biasone, Ásta Davíðsdóttir, Julie Kermarec

28.06



Ástand/vandamál Verkefni

Mikið af rusl á ströndinni sem kemur með fjöru.

- Ruslatínsla á ströndinni og gróðurlendi upp á gamla þjóðvegi



Reykjanesfólksvangur

Hópur: 1
Vinnudagar: 1

Sérfræðingur (eða Landvörður): René Biasone, Ásta Davíðsdóttir, Julie Kermarec

29.06



Ástand/vandamál

Bílaför eftir utan vega akstur á nokkrum stöðum. Þarf að raka yfir þau til að stoppa að fólk að fylgja þeim.

Verkefni

- Raka var yfir utan vega akstur bílaför á nokkrum stöðum í Reykjanesfólksvanginum
- Grjót voru sett fyrir utan vega akstur staði

